

11. gr.

Eftirlitsmenn teljast til opinberra starfsmanna. Um kjör þeirra gilda ákvæði kjarasamninga starfsmanna ríkisins eftir því sem við á. Um störf eftirlitsmanna að öðru leyti gilda fyrirmæli og starfsreglur er lögreglustjóri þeirra setur.

12. gr.

Í störfum sínum skulu eftirlitsmenn hafa nána samvinnu við lögreglustjóra og lögreglumenn, eftir því sem lögreglustjóri ákveður, og gefa honum skýrslu um störf sín. Þeir skulu halda dagbók. Í henni skulu þeir gera grein fyrir helstu atriðum varðandi störf sín, s.s. hvenær dags þeir hefja störf og ljúka störfum, tilgreina veitingastaði er þeir heimsækja, skrá aðfinnslur eða ábendingar sem þeir hafa við veitingastað eða rekstur hans o.s.frv. Ennfremur skal skrá í dagbók önnur atriði, er lögreglustjóri telur rétt að þar komi fram.

13. gr.

Nú verður eftirlitsmaður var við brot á veitingareglum og skal hann þá tafarlaust gera veitingamanni eða fulltrúa hans aðvart. Jafnframt ber honum að senda lögreglustjóra skriflega skýrslu um málið.

14. gr.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt 12. gr. áfengislaga nr. 82, 2. júlí 1969 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld erindisbréf, dags. 3. mars 1955, um sama efni.

Reykjavík, 26. apríl 1991.

Óli P. Guðbjartsson.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUGERÐ**um greiðslur vasapeninga sjúkratryggðra.**

1. gr.

Rétt til greiðslu vasapeninga skv. reglugerð þessari eiga allir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem sjúkratryggðir eru hér á landi og dveljast á sjúkrastofnun í skilningi laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, enda hafi lífeyrir þeirra fallið niður sökum þess að dvölin hefur verið lengri en 4 mánuðir undanfarna 24 mánuði.

2. gr.

Hlutaðeigandi stofnanir, sbr. 1. gr. og/eða rétthafi eftir atvikum skulu sækja um vasapeninga á eyðublöðum, sem Tryggingastofnun ríkisins lætur gera. Skulu stofnanirnar gera vistmönnum ítarlega grein fyrir þessum réttindum.

Hlutaðeigandi stofnanir skulu gera sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins grein fyrir öllum breytingum á vistun, sem haft geta áhrif á framkvæmd reglugerðarinnar tímanlega, verði því við komið, og alls ekki seinna en þegar þær eiga sér stað.

3. gr.

Upphæð vasapeninga er kr. 10 000,00 á mánuði. Tekjur að kr. 3 000,00 á mánuði ($3\,000,00 \times 12 = 36\,000,00$ á ári) skerða ekki þessa upphæð. Tekjur umfram kr. 3 000,00 skerða vasapeninga um 65% þeirra tekna, sem umfram eru. Vasapeningar falla þó alveg niður við 15 000,00 kr. tekjur á mánuði ($15\,000,00 \times 12 = 180\,000,00$).

4. gr.

Launatekjur vegna starfa á vegum hlutaðeigandi stofnunar, sem eru þáttur í endurhæfingu eða starfslegri hæfingu, t.d. föndur, skerða ekki vasapeninga svo fremi þær fara ekki yfir fjárhæðir frítekjumarks tekjutryggingar, kr. 14 800,00 á mánuði ($12 \times 14\,800,00 = 177\,600,00$ á ári). Laun í formi annarra greiðslna en peninga, svo og hlunnindi teljast jafngild.

Tekjur umfram frítekjumark skerða vasapeninga í samræmi við 3. gr.

Launatekjur skv. þessari grein hafa ekki áhrif á skerðingarmörk og hlutfall skv. 3. gr.

5. gr.

Heimilt er að greiða vasapeninga sem nemur tvöföldum sjúkradagpeningum kr. 1 008,80 fyrir hvern dag sem sjúklingur dvelst tímabundið utan stofnunar, án þess að útskrifast. Í slíkum tilvikum skal liggja fyrir umsókn sjúklings og vottorð sjúkrastofnunar. Greiðslur fara fram mánaðarlega eftir á.

6. gr.

Reglugerð þessi gildir einnig um greiðslu vasapeninga til þeirra sem dveljast á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 19. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. apríl 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.